

Skýrsla Æskulýðsdeildar Fáks

Veturinn 2009-2010

Starfsár æskulýðsdeildarinnar byrjaði snemma þetta starfsárið. Kynningarfundur vetrarstarfsins var haldinn 25.nóvember í félagsheimilinu. Dagskrá vetrarins var kynnt, sem og nýir meðlimir æskulýðsdeildarinnar. Fundurinn var vel sóttur og ljóst að margir höfðu áhuga á starfinu og þeim námskeiðum sem í boði voru.

Bíókvöld

Starfið byrjaði formlega þriðjudagskvöldið 15.desember með bíókvöldi. Kvöldið byrjaði reyndar á því að útskrifuð voru ungmenni sem tóku Knapamerki 5 haustið áður. Krakkarnir horfðu síðan saman á valda þætti DVD disksins um Heimsmeistaramótið í Sviss. Þar átti Fákur tvö ungmenni í landsliðinu, þá Valdimar Bergstað og Teit Árnason. Þeir stóðu sig báðir með miklum sóma og lýstu reynslu sinni af þátttöku í mótinu fyrir krökkunum. Þeir fengu margar spurningar og skemmtileg umræða skapaðist um þennan viðburð. Að lokum var borðuð pizza í boði Fáks og kjaftað saman. Mjög góð mæting var á bíókvöldið eða um 30 þátttakendur.

Skráning á námskeið

Kvöldið eftir, miðvikudaginn 16.desember var skráning á námskeið Æskulýðsdeildar. Í boði voru öll Knapamerkin, þ.e. stig 1-5 sem og Keppnisnámskeið hjá Olil Ambler. Það námskeið var haldið í samstarfi við Fræðslunefndina og fengu krakkarnir níu pláss á því námskeiði, sem fylltust þó ekki alveg.

Knapamerkin

Í boði voru öll stig Knapamerkjakerfisins, með fyrirvara um næga þátttöku. Á fyrsta stig voru skráðir tíu unglingar, þrír á annað stig, átta á þriðja stig, fimm á fjórða stig og fjórir á fimmta stig. Alls 30 unglingar. Sif Jónsdóttir kenndi 1. stigið, Vilfríður Fannberg Sæþórsdóttir 2. stigið, Hrefna María Ómarsdóttir 3. stigið og Róbert Petersen 4. og 5. stig.

Almennt námskeið

Skráning á almennt námskeið fyrir börn á aldrinum 6-12 ára var 29. janúar og var fyrsti tíminn sunnudaginn 21. febrúar. Í ár var ákveðið að byrja þetta námskeið um tveimur vikum seinna en hefðin hafði verið til þess að gefa fólki aðeins meiri tíma til að taka inn hesta fyrir krakkana. Um þrjátíu börn voru skráð á námskeiðið og var þeim skipt í fimm hópa eftir getu og aldri. Sif Jónsdóttir sá um kennsluna hjá þremur hópum og Aníta Margrét Aradóttir hjá hinum tveimur. Mikil ánægja var með þeirra störf og brydduðu þær uppá nýjungum eins og að æfa hindrunarstökk sem mæltist sérlega vel fyrir hjá krökkunum! Námskeiðið átti að vera einu sinni í viku, tíu skipti. Vegna hestahóstsans dattu niður síðustu tveir tímarnir og ætlar nefndin að leita leiða til að bæta krökkunum þetta upp í vetur.

Æskan & hesturinn

Skráning þátttakenda á hina geysivinsælu sýningu Æskan og hesturinn fór fram í Reiðhöllinni 29. janúar. Vigdís Matthíasdóttir og Eyjólfur Þorsteinsson tóku að sér þjálfun eldri hópsins, 13 ára og eldri. Sýningarnar fóru svo fram helgina 13.-14. mars. Atriðið var þannig að skipt var í tvö lið, búin til einföld braut með hindrun eftir endilangri reiðhöllinni og svo var keppni á milli hópanna. Þetta atriði vakti mikla lukku, hraði og spennu hitta alltaf í mark og krakkarnir stóðu sig svakalega vel, eins og kúreka er siður! Sextán krakkar tóku þátt í þessu hressandi atriði fyrir hönd Fáks.

Atriði 10-12 ára krakka var í höndum þeirra Vilfríðar Fannberg Sæþórsdóttur og Anítu Margrétar Aradóttur. Þetta atriði byggist á prógrammi sem öll aðildarfélögin æfa heima „í sinni sveit“ í nokkrar vikur. Síðan í vikunni fyrir sýningu, eru hóparnir sameinaðir og þeim skipt niður á laugardag og sunnudag sýningarhelgina. Þetta tókst gríðarlega vel, enda krakkarnir svo einbeittir og áhugasamir að læra prógrammið, að það hálfa hefði verið hellingur að sögn þjálfaranna! Um 18 krakkar tóku þátt fyrir hönd Fáks.

Grímutöltið er fastur liður á sýningunni og þar stíga ungu knaparnir sín fyrstu skref sem sýnendur á hestum. Búningarnir voru glæsilegir og af ýmsum toga. Foreldrar, ömmur og/eða afar hafa oftast en ekki lagt mikla vinnu á sig við að undirbúa hestinn og sauma eða útvega búning fyrir þetta tilefni. Enda koma knaparnir í salinn, ýmist ríðandi eða teymdir, fullir stolts og njóta þeirra mínútna til hins ýtrasta sem þau fá í salnum. Fyllsta öryggis er gætt við þetta atriði, enda knaparnir oft ekki nema þriggja ára.

Nammi namm...

Í fyrra bættist einn skemmtilegur viðburður á dagskrá æskulýðsdeildarinnar; hestanammigerdardagurinn. Hann mæltist svo vel fyrir í fyrra, að ákveðið var að halda hann aftur í ár. Krakkar á öllum aldri, komu í félagsheimilið ásamt foreldrum sínum eða forráðamönnum og hnoðuðu og mótuðu hestanammi af miklum móð, eftir endurbætttri

uppskrift formanns deildarinnar (algjört leyndó). Að þessu sinni var sá háttur hafður á að að flestir tóku óbakað nammið með sér til að baka heima, því í fyrra myndaðist gríðarleg biðröð við ofninn í félagsheimilinu, sem þó er mjög stór. Léttar veitingar voru í boði og þetta var góð samvera.

Bingó!!!!

Fjölskyldubingó var haldið 29.mars og er árlegur viðburður á dagskrá æskulýðsdeildarinnar. Bingóið er alltaf vel sótt og mikil stemning í ungum sem öldnum að taka þátt. Mörg fyrirtæki styrktu bingóið með glæsilegum vinningum og þökkum við þeim heilshugar fyrir stuðninginn.

Óvissan ríkir

Snemma morguns þann 10. apríl mættu fulltrúar Æskulýðsdeildar Fáks og aðstandendur þeirra í Félagsheimilið til að smyrja og hafa til girnilegt nesti fyrir ferðaklára Fáksskrakka. Bergljót Rist sá um skipulag og fararstjórn og í ár var stefnan tekin í Borgarfjörðinn.

Ingibjörg Ásta Guðmundsdóttir og Snorri Þorsteinsson tóku á móti okkur við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri. Við skoðuðum aðstöðu að Miðfossum. Þar er hestamennskan við skólann stunduð. Við sáum m.a. Reyni Aðalsteinsson tamningameistara undirbúa nemendur fyrir próf í Reiðmanninum. Á Miðfossum er mjög stórt hesthús, reiðhöll og góð aðstaða fyrir nemendur. Ingibjörg Ásta og Snorri svöruðu spurningaregnum áhugasamra krakka. Við fengum okkur smá hressingu áður en við héldum áfram. Næst skoðuðum við Nýja fjósið þar sem Sindri Gíslason og kötturinn Rjómi tóku á móti okkur. Þar sáum við m.a. kálfa og kýr og mjaltþjón sem kýrnar geta gengið inni og eru þá mjólkaðar sjálfkrafa. Á meðan hver kýr er mjólkuð er henni gefinn nákvæmlega hæfilegur skammtur fóðurbætis.

Það er ekki ótrúlegt að einhverjir hópnum eigi eftir að leggja stund á nám við Hvanneyri í framtíðinni, áhuginn var a.m.k. fyrir hendi. Við þökkum kærlega fyrir góðar móttökur og héldum ferðinni áfram.

Næsti viðkomustaður okkar var á geitabýlinu Háafelli hjá Jóhönnu Þorvaldsdóttur. Jóhanna hefur unnið ötult starf til að bjarga íslensku geitinni. Í kringum 1960 voru um 100 geitur á Íslandi nú eru þær um 520 svo enn er langt í land með að tryggja öryggi stofnsins. Á Háafelli var kýrin Sól, einnig hundar og hænur og að sjálfsögðu margar geitur. Það var spennandi fyrir Fáksskrakkana að klappa og halda á litlu kiðlingunum og einnig að heilsa uppá stóra gæfa geithafurinn. Við skoðuðum afurðir og komumst að því að hægt er að taka geit í fóstur. Við borðuðum gómsætt nesti og var ánægjulegt að sjá hversu sólgnir okkar hraustu Fáksskrakkar voru í ávextina. Þeir sem vildu fengu að smakka geitamjólk og svo hafði Jóhanna bakað ljúffengar pönnukökur úr geitamjólk fyrir okkur.

Í rútunni voru sagðir margir brandarar og mikið sungið. Hress og skemmtilegur hópur og móttökurnar voru allstaðar hreint frábærar. Æskulýðsdeildin þakkar öllum sem tóku svo skemmtilega á móti okkur.

Stærsta innanhúsmótið

Líflandsmótið er stærsti viðburðurinn hjá æskulýðsdeildinni. Það krefst mikils undirbúnings og skipulagningar, ef vel á að takast til. Lífland hefur á annan áratug stutt glæsilega við bakið á okkur við framkvæmd þessa móts og erum við þeim innilega þakklát fyrir það. Samstarfið hefur gengið mjög vel síðust árin og vonum við að áframhald verði þar á.

Þátttakendur í ár voru 105 og skráningar voru 138. Fimm dómarar dæmdu og voru það þau Vilfríður Fannberg Sæþórsdóttir, Sigurður Halldórsson, Ingibergur Árnason, Ólafur Árnason og Þórir Örn Grétarsson. Keppnisgreinarnar voru tíu, í polla-, barna-, unglinga- og ungmennaflokki og riðin voru 13 úrslit. Mótið var haldið sunnudaginn 18. apríl og hófst forkeppnin stundvíslega kl. 9:00 og lauk mótinu rúmlega átta um kvöldið. Þetta er langur og strangur dagur, bæði fyrir keppendur og aðstandendur þeirra, sem og fyrir alla þá sjálfboðaliða sem leggja fram vinnu sína. Þeim er þakkað kærlega fyrir ómetanlegt framlag sitt.

Spónn.is

Í byrjun maí hafði Sigurður Halldórsson hjá Spónn.is samband við formann deildarinnar um hugsanlegt samstarf, sem yrði fjáröflun fyrir krakkana sem tækju þátt. Fordæmi var komið að sams konar samstarfi við krakkana í Andvara. Ákveðið var á fundi með krökkunum í Fákí og forráðamönnum þeirra þann 3. maí, að gefa þessu séns og gera tilraun með þetta.

Hugmyndin var þessi: Krakkarnir áttu að ganga í hesthús á Fákssvæðinu og selja spónaballa frá Spónn.is. Þau kynntu spóninn, voru með sýnishorn með sér og tóku niður nafn, símanúmer og fjölda balla sem kaupendur óskuðu eftir. Síðan var ákveðinn afhendingardagur á spóninum, allir kaupendur látnir vita og fór síðan afhending fram við Reiðhöllina um leið og greitt var.

Gaman hefði verið ef þátttaka hefði verið betri en aðeins 6 börn tóku þátt í þessu verkefni en þau náðu þó að selja um 150 balla. Það þýddi um 24.000 kr. í þeirra hlut. Það er von okkar í nefndinni að foreldrar með börnum sínum noti tækifærið betur á komandi vetri og hægt verði að safna fyrir einhverju ákveðnu verkefni.

Snubbóttur endir

Eins og allir þekkja varð endir vetrarstarfsins heldur snubbóttur sökum hestapestarinnar sem hér var landlæg í vor og sumar. Í ár var því ekki farið í hefðbundinn fjölskyldureiðtúr og hætta varð við mjög spennandi keppnisnámskeið með Sigurbirni Bárðarsyni sem var við það að hefjast þegar allir hestarnir „lögðust“ í pest.

Einmitt þess vegna eru allir orðnir spenntir að taka inn og við búumst við öflugum krökkum sem ætla að taka þátt í viðburðum og námskeiðum deildarinnar í vetur, kynnast hvort öðru enn betur, þetta hópinn og vera stoltir krakkar í flottu félagi. Áfram Fákur!

Í æskulýðsdeildinni starfsárið 2008-2009 störfuðu:

Hilda Karen Garðarsdóttir, formaður
Ásta Björnsdóttir
Bergljót Rist
Þórey Sigurbjörnsdóttir
Þórlaug Hildibrandsdóttir